

réttlættur áburður slíkur sem fyr segir. Þetta er ályktun stefnda sjálfs, sem hann dregur af áður tilgreindum ummælum dómsins, og felst eigi í henni nein sérstök aðdróttun að áfrýjanda eða ærumeiðing gegn honum.

Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að undirdómarinn hefir sýknað stefnda, og verður að staðfesta gestaréttardóminn eins og málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum málsins verður áfrýjandi að greiða stefnda hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi sýslumaður Lárus H. Bjarnason greiði stefnda, ritstjóra Birni Jónssyni, málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 30 krónur, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. maímánaðar.

Nr. 5/1905:

Síra Böðvar Bjarnason  
gegn  
síra Richarði Torfasyni.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað fyrir gestarétti Rangárvallasýslu af presti að Rafnseyri Böðvari Bjarnasyni

gegn stefnda þáverandi prestis í Guttormshaga, síra Richarð Torfasyni, til greiðslu á ógoldnu álagi á prestssetrið á Rafnseyri og endurgjaldi fyrir vantandi kúgildi tilheyrandi Rafnseyrarprestakalli, og var málið dæmt í nefndum rétti 1. ágúst f. á. þannig, að stefndi var algjörlega sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. En dómi þessum hefir áfryjandi að fenginni gjafsókn og skipuðum málaflutningsmanni skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. jan. þ. á.

Með því að skjöl málsins bera það eigi með sér, að nokkur sáttaumleitun hafi fram farið fyrir gestaréttinum eða fyrir sáttanefnd, og stefndi hefir haldið því fram, að svo hafi eigi verið, þá verður ex officio að dæma hinn áfryjaða dóm og alla meðferð málsins fyrir gestaréttinum ómerka.

Áfryjanda ber eftir þessum úrslitum að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur, en málskostnaður fyrir undirrétti fellur niður. Hinum skipaða málsfærslumanni áfryjanda fyrir yfirdómi verða eigi dæmd nein málfutningslaun, en það vottast, að málfutningurinn af hans hendi hefir verið lögmætur.

#### Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn og öll meðferð málsins fyrir gestaréttinum á að vera ómerk. Áfryjandi Böðvar prestur Bjarnason á Rafnseyri greiði stefnda biskupsskrifara Richarði Torfasyni í málskostnað fyrir yfirdómi 15 kr., en málskostnaður fyrir undirrétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagði aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júlímánaðar.

Nr. 11/1905:

Björn Jónsson  
 gegn  
 Lárusi Bjarnason.

D ó m u r :

Mál þetta var í héraði höfðað af sýslumanni Lárusi H. Bjarnason gegn ritstjóra Birni Jónssyni út af ummælum í nafnlausri grein með yfirskriftinni: »Önnur valdsmanns fyrirmynd« í 44. tölubl. XXXI. árgangs Ísafoldar, er út kom 2. júlí 1904, en ummælin, sem Björn Jónsson ber ábyrgð fyrir, taldi Lárus Bjarnason meiðandi fyrir sig. Málinu var ráðið til lykta með gestaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 24. nóvbr. f. á. á þá leið, að hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk, að ritstjóri Björn Jónsson var dæmdur fyrir þau til að greiða 50 kr. sekt til landsjóðs, eða til vara til að sæta 12 daga einföldu fangelsi, og að hann enn fremur var dæmdur til að greiða 20 kr. í málskostnað. Þessum dómi hefir ritstjóri Björn Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 22. febr. þ. á., og hefir hann gjört þær réttarkröfur, að hann verði alsýknaður í málinu fyrir öllum kærnum og kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að